

Aðalfundur og fræðslufundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands, haldinn 25. maí, 2022, kl. 16 að Hlíðasmára 8.

Mættir:

Mættir: 19 félagsmenn

Formaður setti fund og skipaði Leif Bárðarson fundarstjóra.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar: formaður las skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma. Skýrsluna má finna á vefsíðunni.
2. Skýrsla gjaldkera: Gjaldkeri útskýrði að skýrslan næði aðeins til ársins 2021, enda bankaárið almanaksár. Því hafði aðeins einn greitt félagsgjald. Lítils háttar rekstratap varð á árinu en félagið er vel stætt og tækifæri til að nýta það fé til góðra verka, t.d. bjóða erlendum fyrirlesurum á málþing öldungadeildar á læknadögum. Reikningar voru samþykktir einróma og eru birtir á vefsíðu.
3. Ákvörðun árgjalds: Hækkun árgjalds í 5000 kr. var samþykkt einróma.
4. Önnur mál: Enginn tók til máls undir þessum lið.

Þar sem stjórn var kjörin til tveggja ára í fyrra situr hún áfram og er þannig skipuð:

Óttar Guðmundsson, formaður

Helga M. Ögmundsdóttir, ritari

Sigurður Guðmundsson, gjaldkeri

Friðrik Yngvason, meðstjórnandi

Gísli Einarsson, meðstjórnandi.

Skoðunarmaður reikninga er áfram Þorkell Bjarnason

Aðalfundi var slitið 16:25.

Fræðslufundur hófst 16:30, fyrirlesari var Gunnar Þór Bjarnason og fjallaði um bók sína um Spænsku veikina. Hann lýsti skemmtilega hvernig hann hefði nálgast viðfangsefnið út frá rannsóknum og skrifum fyrst um fyrri heimsstyrjöldina og svo fullveldið, en þetta átti að verða öðruvísi bók, ætluð almennum lesanda og með áherslu á venjulegt fólk og samfélagið. Meðan bókin var í smíðum varð efni hennar skyndilega mun áhugaverðara fyrir almennan lesanda í Covid faraldri og öll farsóttarfræðileg hugtök öllum töm, nema eitt hefur ekki verið notað nú, orð Steingríms Matthíassonar samöndunarnálægð. Það er athyglisvert að almennt hefur lítið verið skrifað um spænsku veikina, fyrstu bækur fara ekki að birtast erlendis fyrr en eftir miðja 20. öld. Á íslensku hefur spænska veikin verið meginþema í þremur skáldsögum en ekki viðfangsefni sagnfræðinga. Magnús Gottfreðsson, læknir, hefur rannsakað læknisfræðilegar hliðar hennar og nýttust þær rannsóknir Gunnari vel. Önnur gjöful heimild voru

minningargreinar fram eftir 20. öld, sem sýna að fólk glímdi oft við langtímaafleiðingar veikinnar. Mannlegi þátturinn sem snýr að læknum mótast af því að þeir gátu í rauninni ekkert gert, það var engin meðferð en almenn aðhlyning var það sem skipti máli. Opinber dánartala úr 2. og 3. bylgju var um 580, sem er mun lægra en í mislingafaröldrum, en þeir sem dóu voru á besta aldri og þess vegna misstu mörg hundruð börn annað eða báða foreldra sína.

Gunnar staldraði við eftir 20 mínútur og þá fylgdu líflegar umræður þar sem Gunnar notaði fyrirspurnir til frekari skýringa og vangaveltna. Til máls tóku: Kristófer Þorleifsson, Pétur Skarphéðinsson, Sigurður Guðmundsson, Ársæll Jónsson, Reynir Tómas Geirsson, Guðmundur Viggósson, Gisli Einarsson og Óttar Guðmundsson. Meðal annars kom fram að einangrunarstefna var mjög misjöfn milli landa og yfirleitt erfið í framkvæmd, en ekki tíðkuð í Svíþjóð (sbr. Covid) og var dánartíðni þar mjög há. Hér var hún svipuð og í mörgum Evrópulöndum en hér tókst að hefta útbreiðslu úti á landi. Þekkt er andstaða Guðmundar landlæknis við lokanir og má velta fyrir sér hvort kokaínfíkn hans hafi haft áhrif, en hann var alls ekki einn um þessa afstöðu. Hvers vegna hefur svona lítið verið um spænsku veikina? Kannski hafa sagnfræðingar verið uppteknir við “áhugaverðari” viðfangsefni tímabilsins, heimsstyrjöld, rússnesku byltinguna, og vera má að minningin um spænsku veikina verið meira lifandi hér vegna fjarlægðar við merkilegri heimsviðburði. Alltént lifði farsóttarótti árum saman. Samfélagslegar afleiðingar voru engar þegar frá leið, lífið var komið í samt lag fyrir jól. Og árið 1918 var alls ekki samfelld hömungarár. Frostin miklu voru í ársbyrjun og stóðu stutt, Kötlugosi var lokið þegar spænska veikin brast á í nóvember.

Fundi slitið 17:25

Helga M. Ögmundsdóttir, fundarritari